

Fullgild rafræn undirskrift

JÓN MÁR HÉDINSSON

Kennitala: 210453-4829

2021-08-30 14:20:00 GMT

Ástæða: Undirskrift

Menntaskólinn á Akureyri

02 302

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Menntaskólinn á Akureyri

kt. 460269-5129

Eyjarlandsvegi 28, 600 Akureyri

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntaskólinn á Akureyri er bóknámsskóli sem byggir á fornri hefð en leitast við að vera í fremstu röð framhaldsskóla á Íslandi. Stúdentar úr MA eiga að vera gjaldgengir í hvaða háskólanám sem er hvar sem er í veröldinni. Árangur þeirra hefur sýnt að skólinn stendur undir væntingum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 1.008,7 milljónir og afkoma kr. 22,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 81,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 222,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Menntaskólans á Akureyri í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans á Akureyri fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Jón Már Héðinsson,
skólameistari

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	972.486.871	959.082.000
Aðrar tekjur		6.570.000	6.732.000
Seld þjónusta	3	13.148.950	28.082.096
Vörusala		2.312.430	2.708.715
Framlög og ýmsar tekjur	4	8.113.001	13.164.114
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	6.049.188	7.022.595
Tekjur samtals		1.008.680.440	1.016.791.520
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	745.734.062	746.421.202
Annar rekstrarkostnaður	6	234.367.871	253.037.948
Afskriftir	7	6.049.188	7.022.595
Gjöld samtals		986.151.121	1.006.481.745
Afkoma fyrir fjármagnsliði		22.529.319	10.309.775
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		1.751	1.870
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(15.712)	(108.299)
		(13.961)	(106.429)
Afkoma ársins		22.515.358	10.203.346

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		25.017.485	20.648.978
Aðrar eignir		70.205.694	70.264.679
		<u>95.223.179</u>	<u>90.913.657</u>
Fastafjármunir samtals		<u>95.223.179</u>	<u>90.913.657</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		1.999.713	2.162.974
Tengdir aðilar	9	73.142.256	67.604.312
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	1.601.968	1.190.820
Handbært fé	11	50.308.271	38.647.128
		<u>127.052.208</u>	<u>109.605.234</u>
Veltufjármunir samtals		<u>127.052.208</u>	<u>109.605.234</u>
Eignir samtals		<u>222.275.387</u>	<u>200.518.891</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		81.911.818	59.396.460
		<u>81.911.818</u>	<u>59.396.460</u>
Eigið fé samtals		<u>81.911.818</u>	<u>59.396.460</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	104.049	440.930
Viðskiptaskuldir		3.054.663	4.496.211
Ýmsar skammtímaskuldir	13	38.137.799	41.369.044
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	99.067.058	94.816.246
		<u>140.363.569</u>	<u>141.122.431</u>
Skuldir samtals		<u>140.363.569</u>	<u>141.122.431</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>222.275.387</u>	<u>200.518.891</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		22.515.358	10.203.346
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	6.049.188	7.022.595
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(6.049.188)	(7.022.595)
		<u>22.515.358</u>	<u>10.203.346</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(247.887)	(909.422)
Tengdir aðilar		(5.933.535)	8.062.906
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(4.672.793)	(5.944.603)
		<u>(10.854.215)</u>	<u>1.208.881</u>
		<u>11.661.143</u>	<u>11.412.227</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(10.358.710)	(6.045.337)
		<u>(10.358.710)</u>	<u>(6.045.337)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		58.710	0
Fjárfestingarframlag		10.300.000	6.784.457
		<u>10.358.710</u>	<u>6.784.457</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		11.661.143	12.151.347
		<u>38.647.128</u>	<u>26.495.781</u>
		<u>50.308.271</u>	<u>38.647.128</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af innheimtu innritunargjalda.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár
Aðrar eignir óafskrifað og 10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	972.486.871	959.082.000
Tekjufærsla fjárveitinga	972.486.871	959.082.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	6.049.188	7.022.595
	<u>978.536.059</u>	<u>966.104.595</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	930.000.000	0	0	930.000.000
Fjáraukalög	(4.300.000)	0	0	(4.300.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	46.786.871	0	0	46.786.871
Fjárveiting til tekna	972.486.871	0	0	972.486.871
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(949.971.513)	0	0	(949.971.513)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	22.515.358	0	0	22.515.358

	2020	2019
3 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	12.040.490	25.687.026
Veitinga- og gistiþjónusta	1.058.460	2.395.070
Fræðslustarfsemi og fundir	50.000	0
	<u>13.148.950</u>	<u>28.082.096</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	30.000	37.000
Kostnaðarhlutdeild	5.487.180	8.403.893
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	790.000	1.250.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	1.749.571	3.423.721
Ýmsar tekjur	56.250	49.500
	<u>8.113.001</u>	<u>13.164.114</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	602.537.645	613.172.195
Orlof, breyting	1.440.633	(10.974.746)
Launatengd gjöld	140.281.648	143.634.517
Starfsmannakostnaður	1.474.136	589.236
	<u>745.734.062</u>	<u>746.421.202</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	66,5	69,2

Skýringar

	2020	2019
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.883.476	2.931.837
Byggingarvörur, almennar	36.116	64.753
Byggingarvörur, aðrar	21.027	35.117
Ýmis tæki og áhöld	410.338	1.327.930
Varahlutir og viðhaldsvörur	26.200	65.632
Orkugjafar	6.142.987	6.904.382
Matvæli	3.504.009	15.415.691
Almennar rekstrarvörur	1.323.220	1.120.868
Vörukaup, almenn	13.347.373	27.866.210
Kennslu- og föndurvörur	786.769	981.081
Ýmsar sérgreindar vörur	0	2.694
Vörukaup, sérgreind	786.769	983.775
Fundir, námskeið, risna	996.407	1.539.085
Ferðir, uppihald	346.879	2.693.681
Akstur	921.100	2.437.820
Sérfræðiþjónusta	15.960.800	15.716.256
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	222.683	487.098
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.215.542	811.833
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	916.381	896.618
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	20.579.792	24.582.391
Afnotagjöld	4.240.454	3.408.822
Leigugjöld	189.622.396	188.678.491
Notkun véla og flutningatækja	733.732	1.447.784
Verkkaup	2.548.496	3.529.669
Kostnaðarhlutdeild	1.253.606	1.427.081
Áhættutap og bætur	13.505	0
Tryggingar, lögboðnar	24.200	0
Opinber gjöld	60.538	58.395
Tilfærslur	1.157.010	1.043.200
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	199.653.937	199.593.442
Annar rekstrarkostnaður samtals	234.367.871	253.037.948
	2020	2019
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	5.990.203	6.763.881
Aðrar eignir	58.985	151.962
Sölutap og úreltar eignir	0	106.752
	6.049.188	7.022.595

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	25.017.485	20.648.978
Aðrar eignir	70.205.694	70.264.679
	<u>95.223.179</u>	<u>90.913.657</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020	54.547.059	74.478.343	129.025.402
Viðbætur á árinu	10.358.710	0	10.358.710
	<u>64.905.769</u>	<u>74.478.343</u>	<u>139.384.112</u>
Afskriftir 1.1.2020	33.898.081	4.213.664	38.111.745
Afskrift ársins	5.990.203	58.985	6.049.188
	<u>39.888.284</u>	<u>4.272.649</u>	<u>44.160.933</u>
Staða 31.12.2020	<u>25.017.485</u>	<u>70.205.694</u>	<u>95.223.179</u>

	31.12.2020	31.12.2019
9 Tengdir aðilar		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	67.655.076	62.393.021
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	5.487.180	5.211.291
	<u>73.142.256</u>	<u>67.604.312</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	104.049	440.930
	<u>104.049</u>	<u>440.930</u>

10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	10.692	0
Skattar	1.591.276	1.190.820
	<u>1.601.968</u>	<u>1.190.820</u>

11 Handbært fé

Sjóðir	67.500	67.500
Tékkareikningar	50.240.771	38.579.628
	<u>50.308.271</u>	<u>38.647.128</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 0,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

12 Eigið fé

	31.12.2020	31.12.2019
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	59.396.460	49.932.234
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	(739.120)
Afkoma ársins	22.515.358	10.203.346
Jöfnuður 31.12.	<u>81.911.818</u>	<u>59.396.460</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2020 og B-deild Stjórnartíðinda.

	31.12.2020	31.12.2019
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	37.115.790	35.675.157
Ógreidd laun	0	4.425.227
Önnur ógreidd gjöld	1.022.009	1.268.660
	<u>38.137.799</u>	<u>41.369.044</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	95.223.179	90.913.657
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	3.843.879	3.902.589
	<u>99.067.058</u>	<u>94.816.246</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	90.913.657	3.902.589	94.816.246
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	10.300.000	10.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10.358.710	(10.358.710)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(6.049.188)	0	(6.049.188)
	<u>95.223.179</u>	<u>3.843.879</u>	<u>99.067.058</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 5,9 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði um óákveðin tíma og aðra rekstrarsamninga um óákveðin tíma. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 152,7 milljónum og vegna annarra samninga kr. 15,1 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.